



BAF3D01

Aflrás - gírkassar

Námsáætlun, haust 2021

Kennari/kennarar: Ásgeir Gunnarsson Ingvar Birnir Grétarsson	Netfang/netföng: asgeirg@borgo.is ingvar.gretarsson@borgo.is
---	---

Lýsing:

- Fjallað er um hvað geti valdið bilunum eða ótímabæru sliti í kúplingu.
- Farið er yfir helstu aðgæsluatriði við ísetningu á kúplingu, þ.e. miðstillingu, skekkjur eða kast vélahluta og olíuleka.
- Kynntar eru mismunandi gerðir færslubúnaðar frá fetli í kúplingu.
- Gerðar eru athuganir og prófanir á gírkassa og festingum þar sem gírkassi er tekinn úr ökutæki, tekinn í sundur, skoðaður, settur saman, settur aftur í ökutæki og prófaður.
- Farið er yfir hvernig haga skuli reynsluakstri.
- Þá er farið yfir skruðfestingar (bolta og rær), stillingar og notkun loftverkfæra. Áhersla er lögð á öryggi við vinnu undir ökutæki og hreinlæti, vinnuhraða og öguð vinnubrögð

Þekkingarviðmið; nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tæknilegum aðgæsluatriðum við vinnu við kúplingu og gírkassa
- öryggisatriðum við vinnu undir bifreið vinnu við kúplingu og gírkassa
- mismunandi gerða færslubúnaðs frá fetli í kúplingu

Hæfniviðmið; nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- akstursprófa gírkassa og kúplingu og leggja fyrsta mat á ástand búnaðarins

Leikniviðmið; nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta ástand kúplingar, skipta um kúplingu og stilla
- taka gírkassa úr ökutæki, taka hann í sundur, gera við eða skipta um íhluti, setja saman og setja aftur í ökutækið



Námsmat:

Verklegt mat, um er að ræða símat, nemandi sýnir hvernig mat á kúplingu, gírkassa, innviði gírkassa gírkassafestingar, skiptibúnað og færslubúnað kúplinga fer fram eftir upplýsingum framleiðanda.

Skriflegt mat, nemandi vinnur gagnvirk verkefni á vef bhs/electude.com

Verklegt mat 40% bóklegt mat 40% virkni og þáttaka 20%

Námsgögn:

Gírkassar, bílar og tæki í eigu Borgarholtsskóla
Viðgerðarupplýsingar frá framleiðanda gírkassa.
Verkefnahefti frá kennara
Myndbönd á Innu um viðgerðir á gírkössum

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Viðvera:

- Nemendur skulu mæta stundvíslega í upphafi hvers kennsludags og hverrar kennslustundar.
- Nemendum ber að fara eftir sóttvarnarreglum hverju sinni, bera grímur, vera með hanska og að sjálfsögðu í vinnufatnaði við störf sín í bílaskála.
- Kennari áskilur sér rétt til að vísa þeim sem ekki fara eftir reglum um sóttvarnir og klæðnað af svæðinu.
- Nemendum sem mæta ítrekað of seint í kennslustundir verður vísað úr lotunni.
- Fjarvist umfram einn dag geta valdið því að nemandinn fái ekki lokið lotunni.

Vika	Dags.	Námspættir
	1dagur	Efni lotunnar kynnt, fyrirlestur, umræður, kynning á verkefnum lotunnar
	2dagur 3dagur 4dagur 5dagur	Vinna við verkefni lotunnar: Athuganir á gírskiptum, greining bilana, sundurrif ýmissa gírkassa, mat á íhlutum og samsetning. Klára verkefni og þekkinga mat

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.